Nýútkomin lög.

Fjáraukalög fyrir 1882 og 1883, staðfest af konungi 8. október 1883, sbr. A. 20. bls. 46—49.

Lög um breyting á tilskipun 15. marz 1861 um vegina á Íslandi, staðfest af konungi 8. október 1883, sbr. A. 21. bls. 50—51.

Lög um bæjarstjórn á Akureyri, staðfest af konungi 8. október 1883, sbr. A. 22. bls. 52—65.

Lög um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, staðfest af konungi 8. október 1883, sbr. A. 23. bls. 66—81.

Fjárlög fyrir árin 1884 og 1885, staðfest af konungi 8. nóvember 1883, sbr. A. 24. bls. 82—101.

Fjáraukalög fyrir árin 1880 og 1881, staðfest af konungi 8. nóvember 1883 sbr. A. 25. bls. 102—105.

Lög um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, staðfest af konungi 8. nóvember 1883, sbr. A. 26. bls. 106—109.

Lög um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu, staðfest af konungi 8. nóvember 1883, sbr. A. 27. bls. 110—113.

Lög um að stofna slökkvilið á Ísafirði, staðfest af konungi 8. nóvember 1883, sbr. A. 28. bls. 114—115.

Lög um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, staðfest af konungi 8. nóvember 1883, sbr. A. 29. bls. 116.—117.

Lög um löggilding nýrra verzlunarstaða, staðfest af konungi 8. nóvember 1883, sbr. A. 30. bls. 118—119.

Lög um breyting á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík, staðfest af konungi 8. nóvember 1883, sbr. A. 31. bls. 120—121.

Lög um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841, staðfest af konungi 8. nóvember 1883, sbr. A. 32. bls. 122—123.

Lög um breyting á 7. grein laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877, staðfest af konungi 8. nóvember 1883, sbr. A. 33. bls. 124—125.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna á Íslandi* **um greiðslu árgjaldsins af Oddaprestakalli.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 31. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, háæruverðugi herra, sent mjer erindi sóknarprestsins að Odda, sjera Matthíasar Jochumssonar, þar sem þess er farið á leit: 1., *að* ógreitt árgjald til landssjóðs af Oddaprestakalli, að svo miklu leyti það ekki var upp gefið með fjáraukalögunum fyrir 1882 **112** 9. nóv.

27. d. nóv. 1883.

Reykjavík 1883. Einar Þórðarson.

112 9. nóv. og 1883, eins og þau voru samþykkt af alþingi, verði gefið sjer upp; 2., *að* árgjaldið af nefndu prestakalli verði framvegis fært niður: 3., *að* árgjaldið niðurfært megi greiðast í aurum en ekki peningum, eða þá að innköllunarmenn verði settir til að heimta saman árgjaldið hjá tilteknum gjaldendum í brauðinu: en *til vara*, *að* hið ógreidda og ekki uppgefna árgjald verði uppgefið eða goldið með styrk af hinu útlenda gjafafje, og *að* nefnd verði sett til þess að heimta inn og greiða í landssjóð allar fastar tekjur af Keldna- og Stórólfshvolssóknum, og sje upphæð sú látin nægja sem árgjald af Oddaprestakalli framvegis.

Þetta erindi prestsins að Odda hafði verið borið upp á hjeraðsfundi í Rangárvallaprófastsdæmi í síðastliðnum septembermánuði og tillögur fundarins orðið þær, að árgjald Oddaprestakalls sje greitt með ákveðnum jarðarafgjöldum, eða að preststekjum Keldna- og Stórólfshvolssókna sje varið til árgjaldsins, og að maður sje settur fyrir landssjóðsins hönd til að innheimta þetta árgjald móti venjulegum umboðslaunum.

Hin heiðruðu stiptsyfirvöld hafa látið í ljósi álit sitt um málefni þetta, og þar sem jeg er þessu áliti í heild sinni í öllu verulegu samþykkur, læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að tilkynna yður það, er nú skal sagt, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar svo og birtingar fyrir prestinum sjera Matthíasi Jochumssyni.

Með því að uppástungur þær, er fram komu á síðasta alþingi um að færa niður framvegis árgjald það, sem ákveðið er í lögum 27. febr. 1880 að greiða skuli af Oddaprestakalli, ekki náðu fram að ganga, er það auðsætt, að umboðsstjórnin að svo komnu ekki getur áorkað neinu í þessu efni, eins og ekki heldur getur verið umtalsmál um neina frekari uppgjöf á árgjaldi því, sem þegar er áfallið, en þá, sem veitt var í fjáraukalögunum fyrir 1882—1883 eins og þau voru samþykkt af síðasta þingi. Ekki get jeg heldur tekið í mál að verja neinu af hallærisfje því, er safnað hefur verið í útlöndum, til að borga skuld prestsins í Odda til landssjóðsins.

En jafnvel þótt það sje vafalaus skylda prestsins í Oddaprestakalli að greiða hið lögákveðna gjald af brauðinu til landssjóðs, og greiðsla þessi af hans hendi verði að eiga sjer stað í peningum, virðist þó vegna kringumstæðanna vera ástæða til að leitast við að styðja að því á sem hagfeldastan hátt fyrir prestinn, að betri skil verði gjörð fyrir hinu umrædda gjaldi, en hingað til. Í þessu tilliti er ekkert því til fyrirstöðu, að þeirri ósk sóknarprestsins verði framgengt, sem hjeraðsfundurinn einnig hefur aðhyllst, að skipaður sje maður eða menn til að heimta inn preststekjurnar af Keldna- og Stórólfshvolssóknum og greiða þær í landssjóð upp í árgjaldið af Oddaprestakalli, en þó þannig, að þóknunin fyrir þenna starfa yrði greidd af tekjum brauðsins, og að landssjóður, að svo miklu leyti sem tekjurnar af greindum sóknum ekki hrökkva fyrir árgjaldinu, haldi óskertu tilkalli sínu til þess hluta árgjaldsins, sem á vantar, og sem presturinn þessvegna yrði að gjöra landssjóðnum skil fyrir á annan hátt.

En þar sem tekjurnar af Keldna- og Stórólfshvolssóknum, að frádregnum umboðslaunum, eins og nú var gjört ráð fyrir, ekki munu hrökkva fyrir árgjaldinu til landssjóðs, kynni vera ástæða til, eptir nákvæmara samkomulagi við sóknarprestinn, að láta hina fyrirhuguðu innheimtu ná yfir nokkuð meira af tekjum brauðsins, en tekjurnar af greindum sóknum, t. a. m. afgjöld nokkurra kirkjujarða, og má telja víst, að sóknarpresturinn muni gefa samþykki sitt til þessa, þared honum hlýtur að skiljast það, að það er nauðsynlegt, eigi síður vegna hans sjálfs en landssjóðsins, að full skil verði gjörð fyrir árgjaldinu, þarsem umboðsstjórnin ekki getur látið slík vanskil framvegis viðgangast, sem hinn núverandi prestur að Odda hefur orðið sekur í með tilliti til árgjaldsins af brauði þessu.

Jeg skal þessvegna þjónustusamlega skora á hin heiðruðu stiptsyfirvöld, að fela 112
prófastinum í Rangárvallaprófastsdæmi á hendur, í samráði með prestinum að Odda, að 9. nóv.
setja einn áreiðanlegan mann eða fleiri til þess gegn sanngjarnri þóknun að innheimta preststekjurnar af Keldna- og Stórólfshvolssóknum og, ef til vill, fleiri af tekjum prestakallsins og að greiða hinar innheimtu tekjur, að frádregnum umboðslaunum, í peningum í landssjóð upp í árgjaldið af Oddaprestakalli, þannig, að landssjóður haldi óskertu tilkalli sínu til þess hluta árgjaldsins, sem ekki greiddist á þennan hátt, og að innheimtan að öllu leyti fari fram upp á ábyrgð sóknarprestsins og fyrir hans reikning.

Brjef landshöfðingja *til póstmeistarans í Reykjavík* **um endurgjald fyrir glataða peningasendingu.** — Í brjefi, dagsettu 22. febr. þ. á., skýrðuð þjer frá, herra póst- 113
meistari, að peningasending til kaupmanns L. Popp í Kaupmannahöfn, innihaldandi 12. nóv.
370 kr., er sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefði látið afhenda á póstafgreiðslustaðnum Vallholti, og átti að fara með 7. póstferð til Reykjavíkur að norðan árið 1882, hafi ekki komið til skila, og ljetuð þjer jafnframt í ljósi, að ekki muni verða hjá því komizt, að póstsjóðurinn endurgjaldi þessa peninga.

Um þetta málefni skal jeg þjónustusamlega geta þess, að þaréð hinar opinberu rannsóknir, sem hafa verið haldnar til að leita upplýsinga um peningasendingu þessa og afdrif hennar, mega álítast að sanna, að nefnd peningasending hafi komizt í vörzlur póststjórnarinnar, en horfið á leiðinni frá Skagafjarðarsýslu hingað til Reykjavíkur, án þess að unnt hafi verið að komast fyrir, hvernig á þessu hvarfi stendur, eða hvort nokkrum verði gefin sök á því, að sendingin hefur týnzt, er jeg yður samdóma um, að ekki verði hjá því komizt að greiða úr póstsjóði endurgjald fyrir optnefnda peningasendingu, og skal jeg þessvegna hjermeð skora á yður að greiða þeim, er peningana sendi, samkvæmt tilsk. um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872, 13. gr., endurgjald fyrir hina týndu peningasendingu og telja upphæðina til útgjalda í póstreikningnum fyrir árið 1883, móti kvittun hlutaðeiganda.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu* **um útflutningsgjald af trosfiski o. fl.** — Í þóknanlegu brjefi frá 15. sept. þ. á. hafið þjer, herra 114
amtmaður, borið undir mig fyrirspurn frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu um það, 21. nóv.
hvernig reikna eigi útflutningsgjald af «trosfiski», er sjeu stykki af heilagfiski og steinbít og af «Gjæller og Læber», sem eru sjerstök stykki úr þorskhausum, en fiskur þessi er saltaður niður í tunnur og fluttur út í þeim.

Þjer hafið jafnframt getið þess, að yður virtist auðsætt, að lög 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi m. fl. ekki hafi haft þennan varning fyrir augum, með því að hann verði ekki beinlínis heimfærður undir neinn lið í 2. gr. laganna; að vísu sje varningur þessi saltaður fiskur og heyri að því leyti undir 2. lið í tjeðri lagagrein, en þarsem þessi liður gjöri ráð fyrir, að hinir söltuðu fiskar sjeu heilir, þá verði útflutningsgjald ekki reiknað eptir þeim lið. Hafið þjer þessvegna látið í ljósi það álit yðar, að útflutningsgjald verði ekki heimtað af vörutegundum þeim, er fyrirspurnin á við.

Í tilefni af þessu skal yður þjónustusamlega gefið til vitundar til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg álít að svara beri ofangreindri fyrirspurn samkvæmt því, sem þjer hafið tekið fram.